

Álagning gjalda fyrir árið 2024

Útsvarshlutfall: Útsvarshlutfall verður á árinu 2024, 14.74%

Fasteignaskattur: Er álagður samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum.

- Allt að 0,5% af fasteignamati:** Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:** Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
- Allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:** Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu..

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu í a) og c) lið um allt að 25%.

Sveitarstjórn samþykkir að álögð fasteignagjöld í Mýrdalshreppi 2024 verði með eftirfarandi hætti.

Fasteignaskattur:	A-flokkur	0,33 % af fasteignamati húss og lóðar
	B-flokkur	1,32 % af fasteignamati húss og lóðar
	C-flokkur	1,65 % af fasteignamati húss og lóðar

Sveitarstjórn samþykkir álagningu eftirfarandi gjalda sem innheimt verða með fasteignaskatti.

Holræsagjald:	0,20 % af fasteignamati húss og lóðar
Rotþróargjald:	kr. 12.155-
Lóðarleiga:	1,5 % af lóðarmati lóðar
Vatnsgjald:	0,15 % af fasteignamati húss og lóðar

Í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar verður innheimtur fasteignaskattur skv. c lið af öllu húsnæði sem nýtt er í tengslum við ferðaþjónustu, en tekið tillit til laga um heimagistingu verði sýnt fram á að húsnæðið sé ekki leigt nema í 90 daga á ári eða tekjur af útleigu fari ekki yfir 2 milljónir.

Afsláttur af fasteignaskatti

Elli- og örorkulífeyrisþegum, er búa í eigin húsnæði, er veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi samkvæmt sérstakri reglugerð sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Eigendur húsa þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og/eða mannúðarstörf, geta sótt um styrki til sveitarstjórnar til greiðslu fasteignaskatts. Sveitarstjórn hefur sett reglur um veitingu slíkra styrkja.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Mýrdalshreppi. Niðurfellingin er tekjutengd og tekur einungis til fasteignaskatts.

2. gr.

Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir heildartekjur árið 2023.

Einstaklingar			Hjón/sambýlisfólk		
Tekjur		Afsláttur	Tekjur		Afsláttur
-	7.003.735	100%	-	9.806.540	100%
7.003.736	7.658.902	75%	9.806.541	10.461.707	75%
7.658.903	8.314.069	50%	10.461.708	11.116.874	50%

Þessar fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur) 2023, sbr. álagningu skattstjóra og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts 2024. Fjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

3. gr.

Við fráfall maka eða sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega á eftirlifandi maki rétt á afslætti samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Útreikningur á afslætti fer fram vélrænt í álagningarkerfi Þjóðskrár Íslands með tengingu við skrár Ríkisskattstjóra.

5. gr.

Aðilar sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr. fá rétt til lækkunar fasteignaskatts frá og með því ári sem þeir ná 67 ára aldri.

Örorkulífeyrisþegar yngri en 67 ára, sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr., skulu leggja fram gild örorkukort sem Tryggingarstofnun ríkisins gefur út sé þess óskað. Réttur til lækkunar fellur niður ef kortið rennur út.

6. gr.

Telji fasteignaeigendur sig eiga rétt á afslætti m.v. þessar reglur og hafi tekjur þeirra lækkað milli



viðmiðunar árs og álagningarárs geta þeir óskað eftir endurreikningi miðað við tekjur ársins 2023 samkvæmt staðfestu skattframtali þegar það liggur fyrir.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005.